

## Svar

### heilbrigðisráðherra við fyrirspurn frá Bergþóri Ólasyni um skimun fyrir krabbameini.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

*Hversu hátt hlutfall kvenna sem fengu boð mætti í skimun fyrir krabbameini í brjóstum og leghálsi árið 2022 og síðustu fjögur ár þar á undan?*

Hér fyrir aftan kemur fram mætingarhlutfall kvenna í skimun fyrir krabbameini í brjóstum og leghálsi árin 2018–2022.

Mætingarhlutfall er vel skilgreindur alþjóðlegur gæðavísir í krabbameinsskimun og er reiknað sem uppsafnaður fjöldi kvenna sem mættu síðastliðin 2 ár í brjóstaskimun og síðastliðin 3,5 ár í leghálskskimun sem hlutfall af fjölda kvenna á skimunarskrá sem eru á boðskrá í skimunarskrá.

#### **Mætingarhlutfall í skimun fyrir brjóstakrabbameini árin 2018–2022:**

2018	57%
2019	61%
2020	62%
2021	54%
2022	52%

#### **Mætingarhlutfall í skimun fyrir leghálskrabbameini árin 2018–2022:**

2018	66%
2019	67%
2020	66%
2021	65%
2022	62%